

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um aukatekjur ríkissjóðs nr. 79 23. desember 1975, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 8. júní 1990.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Snorri Olsen.

AUGLÝSING**um staðfestingu á aðalskipulagi Kjalarneshrepps 1990–2010.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 1. júní 1990, staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Kjalarneshrepps 1990–2010.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Hreppsnefnd Kjalarneshrepps hefur samþykkt hann og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt hann til staðfestingar ráðherra.

Félagsmálaráðuneytið, 5. júní 1990.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð nr. 288/1987 um veitinga- og gististaði.**

1. gr.

2. mgr. 13. gr. orðist svo:

Ef sérstakar ástæður mæla með því má veita undanþágu frá 1. mgr. vegna gistingar á einkaheimilum og gistiheimilum.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um veitinga- og gististaði nr. 67/1985 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 25. maí 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Ragnhildur Hjaltadóttir.